

hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Miðnes h/f, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Priðjudaginn 24. október 1944.

Nr. 1/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80/1938 Kristján Kristjánsson borgarfégeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

### I. Úrskurður.<sup>1)</sup>

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi með stefnu 24. apríl þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er um það deilt, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 22. febr. þ. á.

Samningur þessi komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938.

Á dómþingi í máli þessu 17. þ. m. mætti fyrir dómi sem vitni einn sáttanefndarmanna, Emil Jónsson vitamálastjóri. Umboðsmaður stefnanda óskaði eftir því, að spurningarnar á réttarskjali 10 yrðu lagðar fyrir vitnið og svaraði það 1. og 2. spurngunni með samþykki umboðsmanns stefnda, en hins vegar

1) Úrskurður þessi var staðfestur af Hæstarétti. Sjá Hæstaréttardóma 1944, bls. 345.

mótmælti hann því, að 3. og 4. spurningin yrðu lagðar fyrir vitnið. Byggði hann mótmæli sín á því, að ólöglegt væri samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 sbr. við 13. gr. laga nr. 85/1936, að skýra frá eða leiða vitni um málsatvik þau, sem spurningarnar fjölluðu um, enda vildi stefndi ekki samþykkja að vitni yrðu leidd um þessi atriði.

Umboðsmaður stefnanda mótmælti því, að bann 4. málsg. 28. gr. laga nr. 80/1938 næði til þeirra málsatriða, sem 3. og 4. spurningin fjallaði um, en upptalning nefndrar greinar væri tæmandi.

Vitnaspurningar þær, sem um er deilt, hljóða svo:

3. spurning: Er það rétt, að sáttasemjari eða hin stjórnskipaða sáttanefnd skýrði fyrir báðum aðilum, að orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. sammingsins næði yfir alla vinnu á lýsivinnslustöðvum, aðra en út- og uppskipun á lýsi?

4. spurning: Teljið þér, að samninganefnd Vinnuveitendafélags Íslands hafi samþykkt, að orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. sammingsins, sem nefndur er í 1. spurningu, næði til þeirrar vinnu, sem talin er upp í 3. spurningu?

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 er óheimilt, án samþykkis beggja sammingsaðilja, að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum.

Telja verður að efni 4. spurningarinnar falli beint undir nefnt lagaákvæði, þar sem spurt er um, hvort annar sammingsaðilja hafi samþykkt tiltekið tilboð frá hinum sammingsaðiljanum. Ber því að synja þess, að hún verði lögð fyrir vitnið.

Hvað 3. spurningunni viðvíkur, þá fjallar hún að vísu aðeins um það, hvað sáttamenn hafi sagt við sammingsaðilja. En hún er nátengd 4. spurningunni og svar sáttamanns við henni gæti gert nauðsynlegt, að rannsökuð yrðu til frekari upplýsingar málavöxtum tilboð og yfirlýsingar sammingsaðiljanna fyrir sáttamönnum og raunverulega skapað öðrum aðiljanum þá aðstöðu í málssókn, að hann yrði neyddur til þess að skýra frá málsatvikum, sem honum annars væri ekki skylt samkvæmt framannefndu lagaákvæði. Þá ber og á það að líta, að það verður að teljast mjög heppileg regla, að sáttamenn í vinnudeilum þurfi sem minnst að bera um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Að þessu athuguðu þykir ekki heldur rétt, að 3. spurningin verði lögð fyrir vitnið.

Því úrskurðast:

Spurningarnar nr. 3 og 4 á réttarskjali nr. 10 verða ekki lagðar fyrir vitnið Emil Jónsson.

## II. Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi með stefnu 24. apríl af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er um það deilt, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. kjarasamnings milli aðilja máls þessa, dags. 22. febr. þ. á.

Samningur þessi komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938.

Á dómþingi í máli þessu 17. þ. m. var af hálfu stefnanda lögð fram aðiljaskýrsla undirrituð af 4 mönnum úr stjórn Dagsbrúnar, sem þátt tóku í samningaumleitunum við samningsgerðina í s.l. febrúarmánuði og mættu á sáttafundum (réttarskjal nr. 9). Þá kom og fyrir dóm formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar, en hann var einn þeirra, er undirritað höfðu nefnda skýrslu. Óskaði hann eftir að gefa aðiljaskýrslu í málinu og staðfesta fyrir dómi nefnda skýrslu.

Umboðsmaður stefnda mótmælti því, að leyft yrði, að aðiljayfirheyrsla færi fram til staðfestingar nefndri skýrslu, þar sem hún að efni til fjallaði um það, hvað gerzt hefði á sáttafundum hjá sáttanefnd og sáttasemjara, en óheimilt væri samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 að skýra frá því, hvað þar hefði gerzt, án samþykkis stefnda, en það væri ekki fyrir hendi. Visaði hann og til stuðnings máli sínu til 13. gr. laga nr. 85/1936.

Umboðsmaður stefnanda krafðist þess hins vegar, að leyfð yrði staðfesting fyrir dómi á aðiljaskýrslunni. Neitaði hann, að efni hennar félli undir ákvæði 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938, því hún væri aðeins skýring á því, hvað aðiljar hefðu samið um, en ekki um tillögur þeirra á sáttafundinum.

Efni aðiljaskýrslu þeirrar, er hér um ræðir, fjallar í höfuðatriðum um viðtöl og viðskipti samninganefndar Dagsbrúnar annars vegar og sáttasemjara ríkisins og sáttanefndarinnar hins vegar og felur í sér skýrslu um það, hvaða merkingu samninganefndin hafi upphaflega ætlað til, að fælist í ákvæðum samningsuppkastsins um lýsisvinnu og um það, hvað samn-

inganefndin telur, að orðið hafi samkomulag um milli hennar og sáttamanna um þessi efni.

Verður að telja, að efni hennar sé að verulegu leyti skýrsla um tilboð af hálfu samninganefndar Dagsbrúnar við sáttanefndina og fjalli þannig um efni, sem stefnanda jafnt sem öðrum sé samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 óheimilt, án samþykkis gagnaðiljans að skýra frá, enda þótt hér sé um hans eigin yfirlýsingar að ræða. Og þar sem stefndi, sem annar sammingsaðilja, hefur mótmælt skýrslugjöf um þessi atriði, þykir verða að synja um það, að Sigurði Guðnasyni gefist kostur á að staðfesta nefnda skýrslu hér fyrir dómi.

**Því úrskurðast:**

Sigurði Guðnasyni gefst ekki kostur á að staðfesta framangreinda aðiljaskýrslu hér fyrir dómi.

Föstudaginn 27. október 1944.

Nr. 7/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags  
Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar**  
(Sigurhjörtur Pétursson hdm.)  
gegn

**Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda f. h.  
H/f Hrafnaflóka** (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 10. júlí s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar gegn Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda f. h. Hrafnaflóka h/f.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. nóv. f. á lét togarinn Óli Garða, eign H/f Hrafnaflóka, úr höfn í Hafnarfirði, að lokinni veiðiför, og hélt til Englands með aflann til sölu þar. Í síðustu veiðiför skipsins höfðu 29 skipverjar verið á því, en samkvæmt gildandi samningum milli sjómannafélaganna og útgerðarmanna sigldu 13 skipverjar skipinu út í nefndri ferð, en 16 urðu eftir í landi.